

7. Að greiða upp í hluta ríkissjóðs af kostnaði við hafnargerðir, sem þegar hafa verið framkvæmdar 2 millj. kr. 14
31. jan.
8. Að lána veðdeild Búnaðarbanka Íslands 1 — —
- Vextir af lánum, skv. 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið skulu vera $5\frac{1}{2}\%$ á ári og lánstími 20 ár.

2. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt, ef hentara þykir, að lána úr mótvirðissjóði fjárhæðir þær, sem tilgreindar eru í 1., 2., 3., 4. og 8. tölulið 1. gr., enda sé þá varið jafnháum fjárhæðum af tekjum ríkissjóðs árið 1951 til greiðslu á lausaskuldum ríkissjóðs.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Eysteinn Jónsson.

L Ö G

15
31. jan.

um heimild til að leyfa héraðssamböndum íþrótt- og ungmennafélaga að stofna til sérstakrar tegundar happdrættis.

HANDHAFAR VALDS FORSETA ÍSLANDS

samkvæmt 8. gr. stjórnarskrárinnar,

forsætisráðherra, forseti sameinaðs Alþingis og forseti hæstaréttar,

gjöra kunnugt: Alþingi hefur fallið á lög þessi og vér staðfest þau með samþykki voru:

1. gr.

Heimilt skal dómsmálaráðherra að leyfa héraðssamböndum íþrótt- og ungmennafélaga, hverju á sínu héraðssvæði, að stofna til og reka um tiltekinn tíma töluspjaldahappdrætti („Bingó“-happdrætti) í sambandi við skemmtanir, er þau eða sambandsfélög þeirra halda, samkvæmt reglum, er settar yrðu með reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Gjört í Reykjavík, 31. janúar 1952.

Steingrímur Steinþórsson. Jón Pálmason. Jón Ásbjörnsson.
(L. S.)

Bjarni Benediktsson.